



Nefndasvið Alþingis
B.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. mars 2020

Umsögn um frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020

Landsamtökin Geðhjálp gegna mikilvægu hlutverki í þjónustu við þá sem glíma við geðrænar áskoranir í samfélaginu og aðstandendur þeirra. Á þessum tímum hafa samtökin fundið fyrir aukinni þörf fyrir þjónustu en að sama skapi hafa margir aðilar sem sinna málaflokknum þurft að loka starfsemi sinni. Geðhjálp hefur brugðist við með því að auka þjónustu ráðgjafa m.a. með fjarfundabúnaði og bætt við stöðugildum. Einnig var Geðhjálp í viðræðum við Félagsmálaráðuneytið um sérstakt virkni úrræði fyrir viðkvæmasta hópin í samfélaginu. Viðræður gengu vel og drög að samkomulagi lágu fyrir sem ráðuneytið setti síðan á ís vegna stöðunnar. Þetta úrræði er afar brýnt núna í þeirri stöðu sem upp er komin.

Í frumvarpi þessu og öðrum boðuðum aðgerðum stjórnvalda er ekkert horft til þess hóps sem nú glímir við aukinn kvíða og einangrun. Geðhjálp hefur hins vegar brugðist við og leitar því eftir stuðningi Alþingis við fjármögnun þess. Þess ber að geta að framlag Félagsmálaráðuneytisins til Geðhjálpar fór úr 18 m.kr. fyrir árið 2019 í 14 m.kr. vegna ársins 2020.

Verkefni sem brýnt er að ráðast í

1. Aukinn kostnaður vegna fjölgun stöðugilda vegna ráðgjafar

Ráðgjafi (sálfræðimenntun) úr 50% í 100% samtals 380.000 kr. á mánuði með launatengdum gjöldum eða 3.420.000 kr. til áramóta.

Ráðgjafi í 50% starf (sálfræðimenntun) tímabundin ráðstöfun í 4 mánuði samtals 1.520.000 kr. **Alls vegna fjölgun stöðugilda: 4.940.000 kr.**

2. Virkni verkefni í samstarfi við Félagsmálaráðuneytið (sjá fylgiskjal)

Árlegur kostnaður vegna verkefnisins er áætlaður 20 m.kr. á ári. Til þess að koma þessu verkefni af stað vegna ársins 2020 þá þarf 15 m.kr. (9 mánuðir). Félagsmálaráðuneytið taldi að það gæti fjármagnað helming kostnaðarins næstu 2 árin og leita síðan til sveitarfélagana með það sem vantaði upp á. Það gekk ekki og því var verkefnið sett á ís. Ítreka að það er mikilvægt að fara sem fyrst af stað. **Samtals kostnaður vegna ársins 15.000.000 kr.**

Virðingarfyllst fyrir hönd Geðhjálpur,

Grímur Atlason, framkvæmdastjóri

Kynning fyrir félagsmálaráðherra

Komum fólki í virkni

Tilraunaverkefni Geðhjálpar

Geðhjálp


29/01/2020

Innihald


Örorka á Íslandi	2
Fjárhagsaðstoð	3
Tilraunaverkefni til næstu 3 ára	7
Um Hlyn Jónasson	9

Örorka á Íslandi

Árið 1990 voru bótáþegar á Íslandi samtals 7.506 og af þeim 2.296 vegna geðrænna áskoranna eða 30,6% af heildinni. Árið 2019 voru bótáþegar orðnir 21.959, það er aukning um 193%, og af þeim 8.015 vegna geðrænna áskoranna eða 36,5% af heildinni. Hlutfallsleg aukning bótáþega með geðrænar áskoranir er 249% en eins og áður sagði fjölgaði bótáþegum í heildina um 193%. Landsmönnum fjölgaði á sama tíma úr 255.866 (lok árs 1990) í 356.991 (lok árs 2018) eða um 39,5%. Af þessu er ljóst að bótáþegum hefur fjölgað verulega umfram fjölgun landsmanna og hefur bótáþegum með geðrænar áskoranir fjölgað umfram fjölgun bótáþega almennt.



Til viðbótar þessu er athyglisvert að skoða tölur um greiningar barna á Íslandi. Þar skerum við okkur talsvert úr þegar t.d. Norðurlöndin eru skoðuð. Með því að setja þetta fram hér er ekki verið að gera lítið úr mikilvægi greininga en tölurnar eru ansi sláandi og spurning hvort 100% munur sé eðlilegur?




Fjárhagsaðstoð

Einn af hornsteinum félagsþjónustu sveitarfélaga er fjárhagsaðstoð en sveitarfélagi er skylt að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Á hverju ári leita nokkur þúsund einstaklinga til sveitarfélaganna eftir aðstoð. Ástæðurnar geta verið margs konar en flestir leita vegna óvæntrar stöðu eins og atvinnumissis, veikinda, bágrar félagslegrar stöðu, slysa, dauðsfalls nákominna eða annarra áfalla.

Það hefur lengi verið markmið í samfélaginu að koma í veg fyrir að einstaklingar dagi upp á fjárhagsaðstoð. Eftir því sem einstaklingurinn er yngri verður þetta síðan algjört forgangsmat. Rannsóknir sýna að langtímafjárhagsaðstoð hefur forspárgildi um örorku. Það er því mikilvægt að koma einstaklingum sem fyrst í virkni. Beinir kostnaðir við fjárhagsaðstoð (sjálf aðstoðin ekki laun starfsmanna og/eða tap samfélagsins) telur í milljörðum ár hvert. Hámarksupphæð á mánuði er rétt rúmlega 200.000 kr. sem er ekki há upphæð fyrir einstakling til að framfleyta sér en skiptir verulegu máli í útgjöldum sveitarfélaganna. Súluritið hér að neðan sýnir þennan kostnað miðað við fjölda mánaða.


Beinn kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar




Á hverju ári fá rúmlega 3.000 einstaklingar fjárhagsaðstoð í stóru sveitarfélögum þremur á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi). Beinir kostnaðir við 3.000 einstaklinga á fjárhagsaðstoð í einn mánuð er þannig um 600 m.kr.

Í Reykjavík fengu árið 2018 tæplega 1.000 manns yngri en 29 ára fjárhagsaðstoð ár hvert í Reykjavík. Í Kópavogi fengu 61 yngri en 24 ára fjárhagsaðstoð árið 2019. Í Hafnarfirði voru þetta á sama tíma 59 einstaklingar. Því miður var ekki hægt að brjóta tölurnar jafnt upp eftir aldri í sveitarfélögunum þremur þar sem gagnasöfnin buðu ekki upp á það.


Fjárhagsaðstoð í Reykjavík



Fjárhagsaðstoð í Kópavogi





Fjárhagsaðstoð í Hafnarfirði



Fjárhagsaðstoð 12 mánuði samfleytt

Árið 2018 voru 379 einstaklingar í Reykjavík á fjárhagsaðstoð í 12 mánuði samfleytt. Þar af voru 64 yngri en 24 ára og samtals 113 yngri 29 ára. Í Kópavogi var 1 einstaklingur samfleytt á fjárhagsaðstoð allt árið yngri en 24 ára og 9 yngri en 29 ára. Því miður var ekki hægt að fá gögn frá Hafnarfirði en gera má ráð fyrir sambærilegum tölum og í Kópavogi.



Það er ljóst að miklu er að keppa að koma þessum yngri en 29 ára og þá sérstaklega yngri en 24 ára aftur í virkni sem fyrst.

Tilraunaverkefni til næstu 3 ára

Geðhjálp leggur til að ráðist verði í tilraunaverkefni til næstu 3 ára þar sem unnið verður markvisst að því að koma ungum einstaklingum á fjárhagsaðstoð aftur í virkni.

Geðhjálp hýsir verkefnið en unnið verður náið með félagsþjónustu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu auk geðsviðs Landspítalans.

Verkefnisstjóri verði Hlynur Jónasson sem hefur viðamikla reynslu af því að koma ungum einstaklingum aftur í virkni. Sjá nánar ferilskrá Hlyns. Auk hans verði ráðinn annar starfsmaður í verkefnið.

Kostnaður við verkefnið er áætlaður um 20 m.kr. á ári eða 60 m.kr. á tímabilinu. Geðhjálp leggur til húsnæði og aðstöðu en félagsmálaráðuneytið leggi til 10 m.kr. á ári og sveitarfélögin þrjú 10 m.kr. á ári sem skiptist hlutfallslega eftir íbúafjölda.

Kostnaðaráætlun og ávinningur samfélagsins

	2020	2021	2022
Launakostnaður	17.000.000	17.680.000	18.387.200
Húsnæði	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Akstur	250.000	250.000	250.000
Tæki og sími	300.000	300.000	300.000
Annað	200.000	200.000	200.000
Samtals	18.750.000	19.430.000	20.137.200

Ef 10 manns í virkni 24.000.000 24.960.000 25.958.400

Ávinningur **5.250.000** **5.530.000** **5.821.200**

Ef 30 manns í virkni 72.000.000 74.880.000 77.875.200

Ávinningur **53.250.000** **55.450.000** **57.738.000**

Ef 50 manns í virkni 120.000.000 124.800.000 129.792.000

Ávinningur **101.250.000** **105.370.000** **109.654.800**

Markmiðið er að koma 50 einstaklingum í virkni (25 til 100) á ári og að yfir 30% þeirra verði áfram í virkni að 12 mánuðum liðnum. Framvinduskýrslum verður skilað á 6 mánaða fresti og verkefnið metið samhliða.

Unnið verði eftir IPS hugmyndafræði sem byggir á eftirfarandi 8 grunnþáttum

1. Allir eru gjaldgengnir, þ.e. enginn er útilokaður.
2. Heilbrigðisþjónustan, virkni og vinnuveitendur vinna saman að settu marki.
3. Markmiðið er samkeppnishæf atvinna.
4. Ráðgjöf um framfærslu og skerðingar innan bótakerfisins.
5. Hraðvirkni atvinnuleit.
6. Öruggur stuðningur sem fylgt er eftir.
7. Virðing er borin fyrir vali og vilja einstaklingsins.
8. Reglulegar heimsóknir atvinnuráðgjafa á vinnustað til að koma auga á það sem betur má fara.

1. Allir sem vilja vinna fá aðstoð og enginn er útilokaður

Ekki er horft til greininga eða sögu. Ef þjónustuþega gengur hins vegar ekki vel í starfi sem fundið hefur verið fyrir hann, þá þarf að safna upplýsingum um hvað er hægt að læra af þeirri reynslu sem viðkomandi hefur farið í gegn um. Það hvetur þjónustuþegan til að fara af stað aftur og finna nýtt starf.

2. Samþætting

Ef heilbrigðis- og/eða félagsþjónusta, vinnuveitandi, fjölskylda viðkomandi og viðkomandi sjálfur vinna saman að settu marki þá eru meiri líkur á að vel gangi.

3. Markmiðið er samkeppnishæf atvinna

Það er að þetta sé vinna sem ekki er sérsniðin að fötluðum og að borguð séu lágmarkslaun. Atvinna þarf að byggja á vali og þörfum einstaklingsins, og atvinnuleitin þarf að vera hvetjandi og áhugamiðuð ef vel á að ganga. Við eigum ekki að ákveða fyrir einstaklinga hvaða atvinna henti þeim. Þetta snýst um að virða val einstaklingsins og valdefla hann til að taka eigin ákvarðanir.

4. Það að vera með örorku- eða endurhæfingarlífeyrir getur virkað

hamlandi á atvinnuferlið. Þess vegna er nauðsynlegt að þjónustuþegar fái ráðgjöf um réttindi sín, sérstaklega hvað varðar allar skerðingar sem launuð vinna getur haft á bætur.

5. Hraðvirkni atvinnuleit

Rannsóknir hafa sýnt fram á að betra sé að hraða atvinnuleit í stað þess að fara í mikla greiningarvinnu. Það hvort vinnan passi viðkomandi fæst ekki í gegn um mat heldur með því að

Þjónustubeginn prófi sig áfram í störfum þar til hann finnur það starf sem hentar. Aftur á móti er nauðsynlegt að hjálpa þjónustubegum að hugsa um það hvað gæti gagnast þeim í vinnu. Þess vegna þarf að safna upplýsingum um virkni viðkomandi, persónuleg gildi, þarfir, val, styrkleika og einkenni. Einnig þarf upplýsingar um aukaverkanir lyfja, og fyrri starfssögu.

6. Öruggur stuðningur og eftirfylgd

Eftirfylgd stendur til boða frá IPS teymi svo lengi sem þjónustubeginn þarf á stuðningi að halda. Oft er talað um eitt ár í þessu sambandi. Erfitt getur verið að gefa greinargóða mynd af slíkum stuðningi vegna þess hve fjölbreytilegur hann getur verið. Dæmi um stuðning er að keyra einstakling í vinnuna, hringja í hann á morgnanna til að athuga hvort hann sé vaknaður, aðstoða hann við að biðja um launahækkun o.m.fl.

7. Virðing borin fyrir vali og vilja hvers og eins.

Ef þjónustubega eða skjólstæðingi gengur ekki vel í starfi sem fundið hefur verið fyrir hann, þá þarf að safna upplýsingum og nýta til að læra af þeirri reynslu. Sú vinna hvetur þjónustubegann til að fara af stað aftur og finna nýtt starf. Þó það gangi ekki vel ber að líta á það sem reynslu sem nýtist og þess vegna ekki neikvætt í sjálfu sér.

8. Reglulegar heimsóknir

Atvinnuráðgjaf fer reglulega á vinnustað þjónustubega til að koma auga á það sem betur má fara, með tilliti til einstaklingsbundinna þátta og umhverfis. Góð og mikil samvinna við atvinnurekendur er af hinu góða eins og fyrr segir.

Um Hlyn Jónasson

Geðsvið LSH og Hlutverkasetur hafa unnið saman lengi og Hlynur Jónasson hefur starfað atvinnuráðgjafi fyrir báða aðila sl. áratug. Hann hefur verið IPS atvinnuráðgjafi frá 2013 en þá hóf hann að innleiða hugmyndafræðina með LSH og VIRK. Þrjú árin þar á undan var hann atvinnuráðgjafi hjá Hlutverkasetri. Hann hefur verið hluti af IPS Learning Community síðan 2014 og sótt árleg námskeið og ráðstefnur á þeirra vegum. Stofnfundur Evrópuþjóða í kringum IPS hugmyndafræðina, sem haldin var hér á Íslandi í mars sl., er afrakstur þeirrar vinnu.